

## 1218. stjórnarfundur VR

**Haldinn miðvikudaginn 19. maí 2021, kl. 11:00 í fjarfundi á MS Teams.**

**Mætt voru:** Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigurður Sigfússon, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir

### Dagskrá:

#### 1. Afstaða til frumvarps um féviti og breytingar á starfskjaralögum

Ragnar Þór lagði fram skjölin „Afstaða VR til nýrra starfskjaralaga“, „Starfskjaralög 2021 – Féviti LOKA“ dags. 18.05 2021 og „Frumvarp til starfskjaralaga – féviti“. Sagði hann að búið sé mjög óvænt að afgreiða frumvarpið úr ríkisstjórn en við áttum alls ekki von á því vegna mikillar óánægju með það innan verkalýðshreyfingarinnar.

Eins og þetta lítur út veikir það fremur en að verja réttarstöðu launafólks miðað við þau réttindi sem það hefur í dag. Við höfum látið Eflingu eftir málið að miklu leiti en almennt er mikil andstaða við málið og mjög mikilvægt að þetta verði unnið betur.

Hjá okkur hafa Stefán Sveinbjörnsson, Bryndís Guðnadóttir og lögmaðurinn Daníel Isebarn greint frumvarpið og skilað drögum að afstöðu VR um málið sem er hér meðfylgjandi.

Stefán tók til máls og sagði að þau hefðu sérstaklega greint 14. gr. frumvarpsins þótt margt annað í því sé aðfinnsluvert. Fór hann nú yfir á slæðum helstu atriðin og þá fyrst um hvað þarf til svo komi til févitis en þar þurfa laun m.a. að vera greidd undir kjarasamningi og þarf launamaður að sanna ásetning launagreiðanda um það. Mál fer svo til samráðsnefndar sem metur hvort skilyrði séu uppfyllt en nefndin er skipuð fjórum aðilum, tveimur frá launþegum og tveimur frá atvinnurekendum og þarf meirihluti að vera sammála um að skilyrði fyrir féviti sé uppfyllt.

Varðandi málsmeðferð kom fram að niðurstaða samráðsnefndar skal liggja fyrir 30 dögum eftir að leitað er til hennar og hafa atvinnurekendum í raun neitunarvald þar sem í nefndinni eru fjórir aðilar eins og áður greinir. Nefndinni er svo heimilt að gera tillögu að upphæð févitis en séu aðilar ekki sammála um upphæð er það dómstóla að skera úr um fjárhæð févitis. Í raun er það svo að það er tekið frá launamanni að leita beint til dómstóla eftir féviti því atvinnurekandi getur alltaf skotið ágreiningi til samráðsnefndarinnar þar sem hún er svo skipuð að jöfnu fulltrúum atvinnrekenda og launamanns.

Varðandi fjárhæðir þá er það þannig með almennt févítí að þar geta verið að hámarki tvöfaldir dráttarvextir af höfuðstól en þeir eru í dag 8,5% en að jafnaði er gert ráð fyrir einföldum dráttarvöxtum nema í alvarlegri brotum. En er varðar sérstakt févítí getur það verið allt að 80% af höfuðstól gjaldfallinna launa og miðast við brot sem falla undir verknaðarlýsingu almennra hegningarlaga og þarf brotið að vera vítavert.

Það sem liggur fyrir er að erfitt er fyrir launamenn að sýna fram á ásetning launagreiðanda og svo það að launagreiðandi getur alltaf komið málum í samráðsnefnd sem hann skipar helming fulltrúa og geta í raun alltaf stoppað öll mál í samráðsnefndinni.

Ragnar Þór tók til máls og sagðist vilja kynna afstöðu VR á vettvangi ASÍ og kalla svo eftir formannafundi í framhaldinu. Mikil andstaða er við þetta mál innan hreyfingarinnar og óeðlilegt að forseti ASÍ hafi ekki beitt sér fyrir frestun málsins eins og vilji stóð til. Við viljum að málið allt fari í málefnalega skoðun og umfjöllun innan hreyfingarinnar.

Bar hann nú upp til samþykkis þá afstöðu og byggða á þeim gögnum og kynningu sem nú var nýlokið.

Samþykkt samhljóða.

Fundi er slitið kl. 11:33

Árni Leósson, fundarritari